

MINNISBLAÐ

Viðtakandi: Alþingi - efnahags- og viðskiptanefnd
Óli Björn Káráson formaður

Sendandi: Ríkisendurskoðandi
Skúli Eggert Þórðarson/Guðrún Jenný Jónsdóttir

Dags: 05/02/2019

Efni: Frumvarp til laga um endurskoðendur, þingmál 312, þingskjal 365.

I.

Á fundi með og efnahags- og viðskiptanefndar Alþingis þann 22. janúar 2018 óskaði formaður nefndarinnar eftir tillögum frá ríkisendurskoðanda um mögulegar breytingar á frumvarpi til laga um endurskoðendur (þingmál 312, þskj. 365).

II.

Í umsögn ríkisendurskoðanda sem dagsett er 20. nóvember 2018 kemur fram að einkum sé gerð athugasemd við tvennt. Annars vegar að taka þurfi fram í lögum nr. 46/2016, um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga, að lög um endurskoðendur eigi ekki við um embættið sbr. 21. gr. áður nefndra laga. Hins vegar þurfi að taka tillit til að starfstími hjá Ríkisendurskoðun teljist til þess starfstíma sem uppfylla þarf til að öðlast löggildingu. Þannig verði það ekki gert að skilyrði að starfstíminn þurfi að vera hjá endurskoðunarfyrtæki með starfsleyfi.

III.

Til samræmis við ofangreint leyfir ríkisendurskoðandi sér að leggja til að við 56. gr. frumvarpsins verði bætt við nýrri málsgrein svohljóðandi:

„Ákvæði 21. gr. laga nr. 46/2016 um ríkisendurskoðanda og endurskoðun ríkisreikninga verði svohljóðandi: Lög um endurskoðendur taka ekki til ríkisendurskoðanda eða Ríkisendurskoðunar. Ákvæði laganna taka til þeirra starfsmanna Ríkisendurskoðunar sem annast endurskoðun ársreikninga, sjóða og ríkisfyrirtækja þar sem ríkið á helmingshlut eða meira og lög áskilja að endurskoðunin sé framkvæmd af endurskoðanda sem fellur undir lög um endurskoðendur. Í stað starfsábyrgðartryggingar sem lög um endurskoðendur mæla fyrir um skal ríkisendurskoðandi upplýsa Fjármálaeftirlitið¹ um þá starfsmenn Ríkisendurskoðunar sem falla undir grein þessa og stofnunin beri ábyrgð á störfum þeirra.“

¹ eða þann aðila sem fer með eftirlit með endurskoðendur eftir samþykkt frumvarpsins.

IV.

Jafnframt leyfir ríkisendurskoðandi sér að leggja til að við 7. tölul. 3. gr. frumvarpsins verði bætt eftirfarandi orðum:

„, eða Ríkisendurskoðun“.

Ákvæði 7. tölul. 3. gr. yrði því svohljóðandi:

„Hafa starfað að lágmarki í þrjú ár undir handleiðslu endurskoðanda við endurskoðun ársreikninga og annarra reikningsskila hjá endurskoðunarfyrtæki með starfsleyfi, eða Ríkisendurskoðun.“

04.2.2019 SEP/GJJ

